

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sandgerði.

Deiliskipulag útivistarsvæðis við Þóroddsstaði.

Frístundabyggðin Nátthagi og Kirkjubólsvöllur.

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar hefur þann 12. mars 2003 samþykkt deiliskipulag útivistarsvæðis við Þóroddsstaði, þar sem um er að ræða frístundabyggðina Nátthaga og Kirkjubólsvöll (golfvöll).

Breytingin felur í sér að Kirkjubólsvöllur stækkar, komið er fyrir frístundabyggð með lóðum undir 18 frístundahús og aðstaða ætluð fyrir tjöld og tjaldvagna með tilheyrandi leik- og útivistarsvæðum. Á svæðinu er þjónustubygging.

Skipulagstillagan hefur fengið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Sandgerði, 28. apríl 2003.

F.h. Sandgerðisbæjar,

Guðfinnur G. Þórðarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

REGLUR

um takmörkun á fjölda nemenda í tilteknum námsgreinum við Háskóla Íslands háskólaárið 2003-2004.

1. gr.

Fjöldatakmörkun í læknaeild.

Fjöldi nemenda á 1. námsári í læknisfræði takmarkast við töluna 48.

Fjöldi nemenda á 1. námsári í sjúkraþjálfun takmarkast við töluna 20.

Um val nemenda til náms við læknaeild fer eftir reglum nr. 885/2001, um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkraþjálfunarskor í læknaeild Háskóla Íslands, ásamt síðari breytingum sbr. reglur nr. 134/2002 og 503/2002. Reglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu læknaeildar.

2. gr.

Fjöldatakmörkun í hjúkrunarfræðideild.

Ákvörðun um takmörkun á fjölda nemenda á vormisseri 1. námsárs í hjúkrunarfræði mun liggja fyrir eigi síðar en 1. júní 2003 og verður birt sérstaklega.

Um val nemenda í hjúkrunarfræði gilda reglur sem háskólaráð setti þann 14. júní 2002, og birtar eru í kennsluskrá.

Fjöldi nemenda í ljósmóðurfræði takmarkast við töluna 12.

Um val nemenda í ljósmóðurfræði gilda reglur um val nemenda til náms í ljósmóðurfræði sem háskólaráð setti þann 5. október 1995 og birtar eru í kennsluskrá.